

Hver stjórnarmanna tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í stjórninni í fjarveru aðalmanns eða í forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í stjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og þannig koll af kalli.

Fari svo, að stjórn stofnunarinnar sé ekki fullskipuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmenn í hin auðu sæti.

Tilnefning manns í stjórnina gildir ævilangt. Þá getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr stjórn, ef því þykir ástæða til, svo sem vegna ósæmilegs athæfis.

Stjórn skal halda fundargerðabók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi stofnunina, svo sem ráðstöfun fjár, rekstur og allt annað, sem meðferð fjármuna hennar og máli skiptir.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Falli atkvæði að jöfnu skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum stofnunarinnar.

Stjórn hefur heimild til ráðningar starfsfólks eftir því, sem rekstur stofnunarinnar gefur tilefni til.

#### 7. gr.

Fé stofnunarinnar skal vera í vörslu og ábyrgð stjórnarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi stofnunarinnar innan tveggja mánaða frá lokun hvers reikningsárs. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um meginmarkmið stofnunarinnar né heldur ákvæðum 9. gr. um ráðstöfun á eignum hennar við slit.

Breytingar á skipulagsskránni skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

#### 9. gr.

Verði stofnunin lögð niður, skulu eignir hennar renna til samtaka, er vinna að velferð barna.

#### 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur hinn 8. apríl 1987 fallist á og staðfest sbr. 3. mgr. skipulagslaga nr. 19/1964 þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að opin svæði og leikvöllir við Víðilund verði felld niður og í staðinn komi íbúðasvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1987.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*